

Reykjavík, 22. apríl 2022

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (þskj. 684 í 574. máli)

Hinn 7. apríl síðastliðinn óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (lífræn framleiðsla). I. kafli og 12. gr. frumvarpsins hafa verið tekið til skoðunar á vettvangi samtakanna.

Í 1. kafla almennrar athugasemda frumvarpsins er tekið fram að meginmarkmið þess sé að innleiða í íslenskan rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007. Téð reglugerð var tekin upp í EES-samninginn hinn 4. febrúar 2022 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2022. Þar segir m.a.:

Brýnt er að undirbúningi sé lokið með lagasetningu þessari svo að reglugerðin öðlist gildi eins fljótt og verða má svo að ekki verði mikil röskun á opinberu eftirliti með lífrænum afurðum og inn- og útflutningshagsmunum verði ekki stefnt í uppnám.

SVÞ taka undir framangreint mat. Þegar hafa komið upp álitamál vegna misræmis sem hefur orðið milli innanlandsreglna um lífræna framleiðslu, regluverks ESB og fríverslunarsamninga. Hafa álitamál vegna breskra matvæla hvað helst verið áberandi. Eins og vel er þekkt missti Bretland að ýmsu leyti stöðu sína á innri markaði EES-svæðisins við útgöngu úr ESB. Þó var samið um gagnkvæma viðurkenningu á regluverki og eftirliti með lífrænni framleiðslu til tiltekins tíma.¹ Þar sem innleiðingunni er ekki lokið eru dæmi þess að innflytjendur hér á landi hafi staðið frammi fyrir tveimur valkostum, þ.e. að afmá „lífrænar merkingar“ af breskum vörum eða sækja sjálfir vottun og það þrátt fyrir að vörurnar hafi þegar verið taldar fullgildar til dreifingar á innri markaðnum. Hefur reyndar þótt vafamál hvort seinni kosturinn hafi fullnægjandi lagastoð enda virðast ákvæði laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, snúa efni sínu samkvæmt að innlendri framleiðslu.

Er skilningur SVÞ sá að innleiðing reglugerðar (ESB) 2018/848 í íslenskan rétt geti stuðlað að lagasamræmi, skýrt stöðuna og stuðlað að virkni gerðra samninga.

¹ Sjá XI. viðauka í fríverslunarsamningi Íslands o.fl. við Bretland á vefslóðinni https://www.althingi.is/alttext/pdf/152/fylgiskjoli/s0259-f_1.pdf og bls. 507–514 í *TRADE AND COOPERATION AGREEMENT BETWEEN THE EUROPEAN UNION AND THE EUROPEAN ATOMIC ENERGY COMMUNITY, OF THE ONE PART, AND THE UNITED KINGDOM OF GREAT BRITAIN AND NORTHERN IRELAND, OF THE OTHER PART* á vefslóðinni https://ec.europa.eu/info/sites/default/files/draft_eu-uk_trade_and_cooperation_agreement.pdf

Í ljósi framangreinds leyfa SVP sér að leggja áherslu á að Alþingi fái frumvarpinu lagagildi eins fljótt og verða má þ.a. unnt verði að ljúka fullnægjandi innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, með síðari breytingum.

Virðingarfyllt,

Bls. | 2

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur